

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra

Ábyrgð: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að móta aðgerðir til að sporna við sárafátækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Fyrir liggur ný skýrsla velferðarvaktarinnar um líf skjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 þar sem fram kemur m.a. að brýnast sé að bæta líf skjör einstæðra foreldra og barna þeirra, en nærri fjögur af hverjum tíu börnum undir lágtekjumörkum eru börn einstæðra foreldra. Þá þurfi einnig að huga að börnum öryrkja. Staðan á húsnæðismarkaði hafi auk þess veruleg áhrif á líf skjör barna, sérstaklega barna einstæðra foreldra og öryrkja. Einnig liggur fyrir nýleg skýrsla sem unnin var af Háskóla Íslands fyrir velferðarsvið um líðan barna foreldra sem fá fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg auk skýrslu frá árinu 2017 á þjónustu velferðarsviðs við börn forráðamanna með fjárhagsaðstoð til framfærslu í 6 mánuði eða lengur. Skýrslurnar þrjár varpa ljósi á umfang og eðli fátæktar á Íslandi og aðstæður þeirra reykvísku barna sem alast upp í fátækt.

Verkefni:

1. Yfirfara reglur og úrræði á vegum velferðarsviðs til að koma í veg fyrir sárafátækt
2. Tillögur um markmið, aðgerðir (t.d. breytingar á reglum), frekari úrræði eða annað sem stutt getur íbúa Reykjavíkur sem búa við sárafátækt
3. Aðgerða- og tímaáætlun
4. Allar tillögur og aðgerðir skulu kostnaðarreiknaðar
5. Annað sem hópurinn telur skipta máli.

Stýrihópurinn skipa:

Tveir kjörnir fulltrúar meirihluta,
Einn kjörinn fulltrúi minnihluta
Þrjú fulltrúar velferðarsviðs, þ.á.m. verkefnastjóri hópsins
Fulltrúi hagsmunasamtaka, Pepp Ísland.

Vinnutilhögun:

Formaður leiðir hópin og ákveður nánari tilhögun. Verkefnastjóri hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundargerða, ritun skýrslutexta og önnur praktísk atriði. Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við stefnumótunina, s.s. starfsmönnum í deild gæða og rannsókna og í fjármáladeild. Starfshópurinn hefur samráð við velferðarráð á skipunartímanum og kynnir stöðu vinnunnar.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi og taka mið af því sem fram kom á opnum fundi velferðarráðs 1. mars 2019 með helstu hagsmunaaðilum ásamt þeim skýrslum sem unnar hafa verið á síðustu árum um málefnið, m.a. þær sem nefndar hafa verið að framan. Einnig þær stefnur

sem Reykjavíkurborg hefur þegar samþykkt, s.s. mannréttindastefnu, þjónustustefnu og upplýsingastefnu. Drög að stefnunni verði send til helstu hagsmunaaðila áður en til endanlegrar samþykktar kemur.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu mars – x 2019.

Reykjavík, x. mars 2019

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

DRÖG